



Lúxemborg, 22. ágúst 2011

FRÉTTATILKYNNING 7/2011

Dómur í máli E-14/10 *Konkurrenten.no AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA*

EFTA-DÓMSTÓLLINN ÓGILDIR ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA UM AÐ LJÚKA RANNSÓKN MÁLS Á RÍKISAÐSTOÐ VEGNA ALMENNINGSAMGANGNA Í OSLÓ

Í dómi sem kveðinn var upp í dag, ógilti EFTA-dómstóllinn ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í máli nr. 254/10/COL frá 21. júní 2010 (AS Oslo Sporveier og AS Sporveisbussene).

Með ákvörðuninni lauk ESA athugun sinni á kvörtun einkafyrirtækisins Konkurrenten.no AS, sem höfðaði í kjölfarið mál fyrir EFTA-dómstólnum. Fyrirtækið hefur boðið upp á áætlunarferðir með hópþílum milli Mið- og Suður-Noregs. Í kvörtun fyrirtækisins til ESA var því haldið fram að styrkir sem upphaflega voru veittir til AS Oslo Sporveier og AS Sporveisbussene frá 1997 til 2008 fælu í sér ólögmeta ríkisaðstoð. Félagið Kollektivtransportproduksjon AS (KTP) hefur síðan tekið við réttindum og skyldum AS Oslo Sporveier.

Ríkisaðstoðin sem um var deilt í málinu snertir í fyrsta lagi árlegar greiðslur sem AS Oslo Sporveier og dótturfélag þess AS Sporveisbussene fengu til að standa straum af kostnaði við halda uppi áætlunarferðum strætisvagna í Osló á tilteknum leiðum og annast þar með hluta af almenningsamgöngum í borginni. Ágreiningurinn í málinu laut einnig að greiðslu viðbótarframlags eiginfjár til sömu félaga sem tryggja átti að félögin gætu staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Félögin sem um ræðir annast einnig aðra starfsemi á markaði, einkum áætlunarferðir með hópþílum.

ESA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni að jafnvel þótt styrkirnir væru ekki samrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins, þá fælu þér í sér ríkisaðstoð sem þegar væri til staðar. Í ljósi þess að styrkgreiðslunum hefði verið hætt, taldi ESA þó ekki tilefni til þess að aðhafast frekar.

EFTA-dómstóllinn taldi að ákvörðun ESA væri haldin ýmsum annmörkum sem leiddu til þess að óhjákvæmilegt væri að ógilda hana. Í því sambandi vísaði dómstóllinn í fyrsta lagi til þess að ákvörðunin hefði ekki að geyma skýran rökstuðning fyrir því hvers vegna og á grundvelli hvaða sjónarmiða stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að árlegar greiðslur að fjárhæð 126,8 milljónir norskra króna væru þáttur í kerfi vegna ríkisaðstoðar sem komið hefði verið á fót áður en EES-samningurinn tók gildi.

Dómstóllinn taldi í öðru lagi að enda þótt sú niðurstaða ESA að greiðslur að fjárhæð 199,6 milljónir norskra króna á árunum 1997 til 1998 væru þáttur í kerfi vegna ríkisaðstoðar sem komið hefði verið á fót fyrir gildistöku EES-samningsins væri í meginatriðum rétt, þá hefði ESA einnig talið líklegt að styrkirnir væru hærri en sem næmi kostnaði af þeirri almenningsþjónustu sem styrkjunum var ætlað að standa undir. Að mati dómstólsins átti sú staðreynd að ESA hefði ekki verið unnt að greina með vissu á milli þeirrar ríkisaðstoðar sem borgaryfirvöld í Osló veittu og var hluti af ríkjandi kerfi, og þeirra þátta aðstoðarinnar sem fælu í sér ólögmetan ríkisstyrk, að hafa gefið stofnuninni tilefni til að hefja formlega rannsókn málsins, þannig að hún hefði allar nauðsynlegar upplýsingar í málinu.



Dómstóllinn taldi loks að ákvörðun ESA hefði ekki að geyma rökstuðning fyrir því hvort og að hvaða leyti greiðsla viðbótarframlags eiginfjár að fjárhæð 800 milljónir norskra króna til AS Oslo Sporveier, þar af 111,7 milljóna sem rann til AS Sporveisbussene, væri beinlínis tengd lífeyrisskuldbindingum sem til væru komnar vegna reksturs almenningsþjónustu. Horfði dómstóllinn þá til þess að félögin önnuðust einnig starfsemi á einkamarkaði.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.